

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur um kostnað við flutning umsækjenda um alþjóðlega vernd úr landi.

1. *Hversu margir umsækjendur um alþjóðlega vernd voru fluttir úr landi með aðstoð lögreglu á árinu 2022? Óskað er eftir sundurliðun eftir áfangastað og því hvort um var að ræða flutning samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni, á grundvelli a-liðar 1. mgr. 36. gr. laga um útlendinga eða flutning í kjölfar efnismeðferðar umsóknar um vernd.*

Árið 2022 fylgdi stoðdeild ríkislögreglustjóra 77 einstaklingum, sem fengið höfðu endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd, úr landi samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunar um brottvísun eða frávísun.

Flutningar eftir tegund mála	Fjöldi
Dyflinnarreglugerðin	14
Verndarmál (a-liður 1. mgr. 36. gr.)	39
Efnismeðferð	24
<b>Alls</b>	<b>77</b>

Um tegund mála vísar „Dyflinnarreglugerðin“ til flutnings einstaklinga sem hafa hafið umsóknarferli um alþjóðlega vernd í ríki sem er aðili að Dyflinnarreglugerðinni, „verndarmál“ vísar til einstaklinga sem þegar hafa hlotið alþjóðlega vernd í viðtökuríki og „efnismeðferð“ vísar til þeirra mála þegar einstaklingar hafa hlotið efnislega meðferð á Íslandi.

Áfangastaðir	Fjöldi
Grikkland	33
Albanía	11
Ítalía	9
Georgía	8
Svíþjóð	3
Ungverjaland	3
Fílabeinsströndin	1
Noregur	1
Dóminíkska lýðveldið	1
Pýskaland	1
Spánn	1
Belgía	1
Bretland	1
Írland	1
Bandaríkin	1
Holland	1
<b>Alls</b>	<b>77</b>

2. Hver var kostnaður íslenska ríkisins við fyrrgreinda flutninga? Auk framangreindrar sundurliðunar óskast svar sundurliðað eftir því hvers eðlis kostnaðurinn var, svo sem beinn kostnaður við flug, launakostnaður löggreglumanna o.p.h.

<b>Kostnaður</b>	<b>2022</b>
Heildarkostnaður stoðdeilda	194.425.558
Ferðakostnaður	42.193.187
Flugvélaleiga	20.589.588
Endurgreiðsla Frontex	-1.422.448
<b>Alls</b>	<b>255.785.885</b>

Líkt og nánar greinir í svari þáverandi ráðherra við sömu fyrirspurn vegna áranna 2019 til 2021, sbr. þskj. 391 í 127. máli á 152. löggjafarþingi, vísar „heildarkostnaður stoðdeilda“ annars vegar til almenns rekstrarkostnaðar stoðdeilda á árinu og hins vegar til launakostnaðar löggreglumanna hjá stoðdeild samkvæmt gildandi kjarasamningum og samningi Útlendingastofnunar og ríkislögreglustjóra um verkefni stoðdeilda. Alls störfuðu um 11 starfsmenn í 100% starfi í stoðdeild árið 2022. Launakostnaður starfsmanna er ekki aðgreindur eftir verkefnum en stoðdeildin sinnir auk flutninga útlendinga, sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd, flutningum í fylgd vegna framsals sakamanna, flutningi fanga og framkvæmd frávísana samkvæmt ákvörðunum teknum af löggreglu.

„Ferðakostnaður“ vísar til fargjalda með áætlunarflugi frá Íslandi, dagpeninga löggreglumanna við framkvæmd flutninga í fylgd og kostnaðar vegna aðstoðar annarra sérfræðinga eða eftirlitsaðila sem eftir atvikum fylgja viðkomandi alla ferðina frá Íslandi til viðtökuríkis. Sem dæmi um slíka aðila eru túlkur, sjálfstædir eftirlitsaðilar, fulltrúar heilbrigðisyfirvalda, svo sem læknir eða hjúkrunarfræðingur, og fulltrúar félagsmálayfirvalda, svo sem barnaverndarfulltrúi. Til viðbótar vísar ferðakostnaður til útgjalda vegna vottorða frá ýmsum stofnunum, svo sem Þjóðskrá Íslands og heilbrigðisyfirvöldum.

„Flugvélaleiga“ vísar til þess þegar flugvélar hafa verið leigðar í stað þess að fara í áætlunarflug.

„Endurgreiðsla Frontex“ vísar til endurgreiðslu frá Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu.

3. Hver var meðalkostnaður ríkisins við flutning einstaklings úr landi gegn vilja viðkomandi á árinu 2022?

Eins og að framan greinir framkvæmdi stoðdeild ríkislögreglustjóra flutning á 77 útlendingum, sem fengið höfðu endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd, í fylgd úr landi til fjölmargra áfangastaða árið 2022. Kostnaður vegna ferða er mjög breytilegur og hafa fjölmargir þættir áhrif. Þannig getur til dæmis fluggjald verið misjafnt eftir áfangastað, ferðaleið og tegund flugs, þ.e. hvort um áætlunarflug sé að ræða eða leigu á flugvél. Misjafnt er hversu margir löggreglumenn eru í hverri ferð og fer það eftir fjölda þeirra útlendinga sem fylgt er úr landi hverju sinni og haettumati sem framkvæmt er fyrir hverja ferð. Eftir atvikum koma aðrir aðilar að flutningi, svo sem túlkur, læknir eða aðrir sérfræðingar eða eftirlitsaðilar. Þá eru fjárhæðir dagpeninga misjafnar eftir áfangastað og lengd ferðar. Það ber að athuga með vísan til framangreinds að kostnaður vegna flutnings getur verið afar misjafn þrátt fyrir að um flutning til sama áfangastaðar sé að ræða.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um sundurliðaðan kostnað vegna hvers og eins flutnings enda er stærstur hluti kostnaðar fólginn í föstum launakostnaði starfsmanna stoðdeilda sem eins og áður greinir vinnur að mörgum verkefnum á hverjum tíma. Hins vegar má draga ályktun

um kostnað hvers flutnings með meðaltali þeirra upplýsinga sem fram koma í töflu að framan. Það ber þó að ítreka að vegna mismunandi aðstæðna getur kostnaður vegna hvers og eins flutnings verið afar misjafn, auk þess sem stoðdeild sinnir mörgum öðrum verkefnum. Auk þeirra 77 útlendinga, sem fengið höfðu endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd og voru fluttir af stoðdeild árið 2022, framkvæmdi stoðdeild einnig 59 aðra flutninga árið 2022 sem voru ekki fyrrverandi umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þetta getur t.d. átt við um brottvísun fanga, brottvísun útlendinga í ólögmætri dvöl, framsal sakamanna, fanga-flutninga o.fl.

**Tími.**

Undirstofnun 1,5 klst.

Sérfræðingur 3 klst.

Skrifstofustjóri 15 mín.